

STJÓRNARTÍÐINDI B 118 – 1999

23. desember 1999

2713

Nr. 881

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. h bætist við ný grein, 2. gr. i, sem orðast svo:

Gildistími reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83, sem snertir einkadreifingu og tekin var upp í íslenskan rétt sem b-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993, sbr. reglugerð nr. 683/1997, er framlengdur til 31. maí 2000.

Gildistími reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1984/83, sem snertir einka-kaup og tekin var upp í íslenskan rétt sem c-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993, sbr. reglugerð nr. 683/1997, er framlengdur til 31. maí 2000.

Gildistími reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4087/88, sem snertir umboðssamninga og tekin var upp í íslenskan rétt sem h-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993, er framlengdur til 31. maí 2000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 23. desember 1999.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Pormóðsson.

23. desember 1999

Nr. 882

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Akranesveitu.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Akranesveitu er taki gildi 1. janúar 2000.

Gjaldskrá Akranesveitu nr. 431 24. júní 1999, breytist þannig:

Gjöld vegna sölu á heitu vatni D-hluti hækka um 2,76%.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.